

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið [Skrifstofa landgæða]
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Akureyri, 11. nóvember 2021
UST202109-254/H.Ö.J.
04.04

Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. 184/2021

Vísað er til máls nr. 184/2021 í Samráðsgátt stjórnvalda um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Með reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er verið að tryggja sjálfbæra nýtingu lands með því að setja fram leiðbeiningar og viðmið sem taka mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmda og akuryrkju. Reglugerðin er sett með stoð í lög um landgræðslu nr. 155/2018.

Athugasemdir við einstök ákvæði reglugerðarinnar

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar í drögum að reglugerðinni:

Í 8. gr. um viðmið vegna framkvæmda kemur fram að við leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður eða jarðveg skal halda raski í lámarki. Umhverfisstofnun telur að einnig ætti að taka tillit til rasks á jarðminjum og lífríki þegar fara á í leyfisskyldar framkvæmdir.

Í 9. gr. er m.a. fjallað um helstu viðmið um hvort umferð fólks og ökutækja um land geti talist sjálfbær. Eitt viðmið er að þjöppun jarðvegs er lítil sem engin. Umhverfisstofnun telur óhjákvæmilegt að jarðvegur þjappist þar sem umferð fólks og ökutækja er um land. Í staðin ætti umrætt viðmið að vera að þar sem jarðvegur þjappist vegna umferðar fólks eða ökutækja séu gerðar ráðstafanir varðandi flæði vatns niður í jarðveginn svo ekki myndist vatnsrásir og pollar.

Í 10. gr. er fjallað um friðuð svæði í d. og e. lið. Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi hvað friðað svæði sé, er þar einungis átt við svæði friðuð fyrir beit eða er einnig átt við friðlýst svæði vegna náttúruverndar?

Í 2. og 4. gr., viðauka II koma fram leiðbeiningar m.a. um meginreglur sjálfbærrar landnýtingar í tengslum við akuryrkju; varðbeldi, varnarsvæði eða öryggissvæði; og um að dregið skuli úr notkun áburðar og varnarefna. Þar kemur fram hugtakið „varnarefni“ í nokkrum málsgreinum og vill stofnunin vekja athygli á að í þeim tilfellum væri æskilegra að nota hugtakið „plöntuverndarvörur“ í samræmi við efnalög nr. 61/2013. Einnig kemur þar fram tilvísun í reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna sem hefur verið felld brott með reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Í viðauka IV kemur fram að m.a. skuli leitast við að virkja gesti/ferðafólk til þátttöku í vöktun og viðhaldi áningarstaða. Umhverfisstofnun telur að viðhald áningarstaða ætti ekki að vera í höndum gesta/ferðafólks heldur þeirra sem hafa faglega þekkingu til þess. Í viðhaldi á áningarstöðum fellst mikið ábyrgðarhlutverk, bæði gagnvart náttúru og ekki síst öryggi gesta. Stofnunin telur því að viðhald áningarstaða ætti að vera í höndum þeirra sem hafa til þess faglega þekkingu.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun að mikilvægt sé að tekið sé tillit til umræddra athugasemda og að leiðréttingar verði gerðar á reglugerðinni áður en hún verður samþykkt.

Virðingarfyllt,

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur